Reykjavík

Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Þjónustuver
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

411 1111

Reykjavík, 6. desember 2023
USK23100226

**Til:** Umhverfis- og skipulagsráðs

**Efni:** Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um vetrarþjónustu

Vísað er til fyrirspurnar Flokks fólksins um vetrarþjónustu dagsetta 18. október 2023 (USK23100226). Fyrirspurnin er svohljóðandi: *„Til stendur að stórbæta vetrarþjónustuna með áherslu á m.a. snjóhreinsun í húsagötum. Þessu ber að fagna. Einnig ber að stórauka eftirlit með að vinnan verði unnin vel og með viðeigandi hætti. Í ljósi þessa mun kostnaður, eðli málsins samkvæmt stóraukast. Einn hæsti kostnaðarliðurinn, 50 milljónir er „eftirlit með vetrarþjónustu“ sem lagt er til að verði stórefld. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingar um hvað reiknað er með að eftirlitið standi í marga vetur? Er kannski ekki reiknað með að eftirlitið verði aðeins mjög tímabundið svona á meðan verið er að ná nýjum skilvirkari takti eftir að nýjar tillögur stýrihóps um vetrarþjónustu voru samþykktar?“*

Til að ná betri árangri og réttri stjórnun í vetrarþjónustu er mikilvægt að miðlæg stýring þess sé innt af starfsmönnum Reykjavíkurborgar í þessu tilfelli eftirlitsmenn vetrarþjónustu. Reykjavíkurborg hefur alltaf verið með eftirlit með vetrarþjónustu þar sem verkefnin hafa snúist að mestu um að fylgjast með færð og sinna útkallsþjónustu. Breytingar sem eiga sér stað um þessar mundir felast í aukinni stýringu á framkvæmd vetrarþjónustunnar sem var áður að að einhverju leyti stýrt af aðalverktökum. Þessar breytingar krefst aukins mannafla, aukinnar miðstýringar og sólarhringsþjónustu til frambúðar.

Virðingarfyllst,

Hjalti J. Guðmundsson

Skrifstofustjóri
Skrifstofu borgarlandsins